

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/63/EB**frá 30. september 1996****um breytingu á tilskipun ráðsins 76/432/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hemlabúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum(*)****(Texti sem varðar EES)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100 gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/297/EBE ⁽²⁾, einkum 12. og 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Unnt er að endurbæta hemlaprófunina með því að jafna, sem skilgreinir hemlunarvegalegd sem fall af hraða, komi í stað meðalhraðaminnnkunar; í kjölfar þeirrar breytingar verða gerðar frekari breytingar sem miða að því að auka öryggi dráttarvéla og íhluta sem tengjast notkun þeirra.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem var komið á fót með tilskipun 74/150/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:**1. gr.**

Hér með er I. og II. viðauka við tilskipun ráðsins 76/432/EBE ⁽³⁾ breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá 1. október 1997 er aðildarríkjunum óheimilt:

- að synja um EBE-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar eða
- að banna að dráttarvélar verði skráðar, seldar eða teknar í notkun,

af ástæðum sem varða hemlabúnað ef dráttarvélnar eru í samræmi við kröfur tilskipunar 76/432/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. mars 1998:

- skulu aðildarríkin ekki lengur veita EB-gerðarviðurkenningu eða gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE, og
- mega aðildarríkin neita að veita innlenda gerðarviðurkenningu

af ástæðum sem varða hemlabúnað ef kröfunum í tilskipun 76/432/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, hefur ekki verið fullnægt.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. október 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða fylgja þeim slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 253, 5. 10. 1996, bls. 13, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/97 frá 12. nóvember 1997 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 126, 20. 5. 1988, bls. 52.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 122, 8. 5. 1976, bls. 1.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. september 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 76/432/EBE:

„1. Eftirfarandi málslíð er bætt við í lok fyrsta undirliðar í lið 4.2.6 í I. viðauka:

„Þegar hemlun verkar að öllu jöfnu á fleiri en einn ás má frátengja einn ás að því tilskildu að ávirkni aksturshemilsins tengi hann aftur sjálfkrafa og að það gerist sjálfkrafa ef tengibúnaðurinn bilar.“

2. Eftirfarandi komi í stað fyrsta málslíðar í lið 1.1.1 í II. viðauka: „Virgni aksturshemils er miðuð við hemlunarvegalegdina sem er reiknuð út samkvæmt jöfnunni í lið 2.1.1.1“,

- liður 1.2.2.2 falli niður,
- liður 2.1.1.1 breytist og verði svohljóðandi:

„2.1.1.1. Við prófun á gerð O, tryggja hemlunarvegalegd sem er reiknuð út á eftirfarandi hátt:

$$S_{\max} \leq 0,15V + \frac{v^2}{116}$$

þar sem

V er hámarkshraði, sem ákveðinn er með hönnun, í km á klukkustund, og

$S_{\max}$ er hámarkshemlunarvegalegd í metrum“.